

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 28. júní 2018 - R18060011

	Fundargerðir:	
R18010032	Fundargerð 169. fundur stjórnar Faxaflóahafna.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18010025	Fundargerð 458. fundar stjórnar samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
	Annað	
R18050245	Drög að samstarfssamningi við RÚV.	Sent innkauparáði til meðferðar.
R18010089	Auglýsing um kynningarfund vegna kjarasamnings Félags grunnskólakennara 11.-15. júní.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18060201	Erindi Ferska ehf. v. Akrasels 8, dags. 7.5.'18.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R18060055	Erindi frá Þjóðskrá v. Malaráss 16, dags. 4.6.'18.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18050119	Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 8.6.'18 um lyfsöluleyfi að Katrínartúni 4.	Sent Lyfjastofnun.
R18010044	Boð á opunarhátíð Múlabæjar 20.6.'18.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18010072	Yfirlit yfir viðskipti innkaupadeildar í maí 2018.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18050239	Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar um lóðarumsókn Zuism trúfélags, dags. 12.6.'18.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18010091	Afbrotatölfræði fyrir maí 2018.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18060079	Ályktun bæjarstjórnar Akraness um Sundabraut, dags. 13.6.'18.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18030183	Framhaldsfyrirspurn Mörtu Guðjónsdóttur um kostnað við opna fundi.	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.
R18060037	Fyrirspurn Mörtu Guðjónsdóttur um stöðu fyrirspurnar Sjálfstæðisflokksins í borgarráði.	Sent skrifstofu borgarstjórnar til umsagnar.
R18060159	Beiðni Lyfjastofnunar um umsögn um lyfsöluleyfi að Fiskislóð 3.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R18060172	Erindi frá Þjóðskrá vegna Bröndukvísar 9, dags. 18.6.'18.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R16020127	Erindi Guðjóns Marteinsonar vegna lausagöngu katta.	Sent heilbrigðiseftirliti til meðferðar.
R18060020	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að staðið verði fyrir hátíðarhöldum 1. desember vegna aldarafmælis fullveldis Íslands.	Sent menningar- og ferðamálasviði til umsagnar.
R18040170	Erindi skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 26. apríl 2018, um lóðarvilyrði til malbikunarstöðvarinnar Höfða	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R18060134	Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðgerðir í húsnæðismálum	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R18060137	Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um könnuná umfangi útivistunar og áhrifum hennar á kjör launafólks	Sent fjármálaskrifstofu til umsagnar.
R18060136	Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um afnám þóknunar fyrir nefndarsetu starfsmanna borgarinnar fyrir fundi á vinnutíma	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og skrifstofu borgarstjórnar til umsagnar.
R18060131	Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um rekstrar úttekt á Félagsbústöðum.	Sent innri endurskoðun og fjármálastjóra til umsagnar.

R18060139	Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflökks Íslands um afnám byggingarréttargjalds á byggingarkostnað félagslegra íbúða og íbúða sem byggðar eru af óhagnaðardrífum leigufélögum.	Sent fjármálaskrifstofu og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar.
-----------	---	---

Fundur nr. 169

Ár 2018, föstudaginn 22. júní kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman til fundar í fundarherbergi hafnarstjórnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og hófst fundurinn kl. 09:00.

Mættir:

Kristín Soffía Jónsdóttir
Þórlaug Ágústsdóttir
Einar Brandsson
Björgvin Helgason
S. Björn Blöndal
Líf Magneudóttir
Marta Guðjónsdóttir

Varafulltrúi:

Árni Hjörleifsson

Áheyrnarfulltrúar:

Ingibjörg Valdimarsdóttir
Júlíus Víðir Guðnason

Auk þess sátu fundinn: Halldóra Hrólfsdóttir, skipulagsfulltrúi, Jón Þorvaldsson, forstöðumaður tæknideildar, Jón Þorvaldsson aðstoðarhafnarstjóri og Gísli Gíslason, hafnarstjóri, sem jafnframt ritar fundargerð.

1. Ársskýrsla Faxaflóahafna sf. fyrir árið 2017 (https://arsskyrsla2017.faxaflaoahafnir.is/wp-content/uploads/2018/06/Arsskyrsla_2017_new_7.pdf). Tillaga um greiðslu arðs til eigenda.
Ársskýrslan er nú í fyrsta skipti í rafrænu formi og á heimsíðu fyrirtækisins. Samþykkt að leggja til að arður vegna ársins 2017 verði 307,0 mkr.
2. Lóða- og skipulagsmál:
 - a. Umsókn Veitna ohf. dags. um lóð fyrir aðveitustöð við Sægarða. Veitur ohf.
Hafnarstjórn samþykkir að heimila hafnarstjóra að ganga frá samkomulagi um úthlutun lóðar við Sægarða undir aðveitustöð.
 - b. Ósk um breytingu á deiliskipulagi Köllunarklettsvegur 4 ásamt minnisblaði skipulagsfulltrúa dags. 18.6.2018.
Hafnarstjórn samþykkir að heimla umbeðna deiliskipulagsbreytingu, en minnt er á að aukið nýtingarhlutfall er gjaldtekið.
3. Viljayfirlýsing um sölu Hafnarhússins milli Reykjavíkurborgar og Faxaflóahafna sf.
Hafnarstjórn samþykkir viljayfirlýsinguna og felur hafnarstjóra að undirrita hana.
MG greiðir atkvæði gegn málinu.
MG bókar eftirfarandi: "Marta Guðjónsdóttir fulltrúi Sjálfstæðisflokks í stjórn Faxaflóahafna áréttar að áður en gengið verður frá viljayfirlýsingu



við Reykjavíkurborg um kaup á Hafnarhúsinu verði óháðir aðilar fengnir til að verðmeta eignina."

ÞÁ bókar eftirfarandi: "Fulltrúi Pírata fagnar viljayfirlýsingu Faxaflóahafna um að ganga til samninga við Reykjavíkurborg með það að markmiði að Hafnarhúsið verði miðstöð menningar og lista í borginni. Fulltrúi Pírata tekur undir þau sjónarmið að farsælast fyrir báða aðila sé að Faxaflóahöfnum sé gert kleift að flytja höfuðstöðvar sínar að Sundahöfn, jafnframt því að best verð fáiast fyrir eignir hafnarinnar og því sé leitað til óháðra sérfræðinga við mat á eignum félagsins. Fulltrúi Pírata áréttar traust sitt á hafnarstjóra til að ná þessum markmiðum Faxaflóahafna og óskar honum og stjórn velfarnaðar í störfum sínum."

ÁH tekur undir báðar bókanirnar.

4. Yfirlit um stöðu helstu framkvæmda á vegum Faxaflóahafna sf.
Hafnarstjóri gerði grein fyrir helstu verkefnum yfirlitsins. Lagt fram.
5. Rekstraryfirlit fyrir tímabilið 1.1. 2018 - 30.4. 2018.
Lagt fram.
6. Endurnýjun samnings Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Faxaflóahafna sf. um aðgerðir vegna mengungarslysa innan hafnar svæða Faxaflóahafna sf.
Hafnarstjórn samþykkir samninginn og felur hafnarstjóra að undirrita hann.
7. Bréf umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 29.5.2018 varðandi breytingu á aðalskipulagi Klettagarða og Skarfabakka.
Skipulagsfulltrúi gerði grein fyrir stöðu málsins. Lagt fram.
8. Tilkynning Hafnasambands Íslands um Hafnasambandsþing og málþing í tilefni af 100 ára fullveldi dagana dagana 24. - 26. október n.k.
Lagt fram.
9. Önnur mál.
9.1. Erindi Votlendissjóðs dags. 21.6.2018 um stuðning Faxaflóahafna sf. við verkefni sjóðsins með framlagi að fjárhæð kr. 1,0 mkr. sem stöðvi losun á 200 tonnum á gróðurhúsalofttegundum.
Stjórnin samþykkir erindið.

Fleira ekki gert
fundi slitið kl. 10:20

Ósk. Óskason

Jakobsson

Ólafur

Frejbjörg Valdimarsd.

Andriður Ólafsson
Kinnar Bráðsson

Marta Guðjónsdóttir

Björgvin Helgum

Þó. Þórunn Þórunn

Þórunn Þórunn

Stan Halldór

Haldora Kallsdóttir¹⁵

Jón Þorvaldsson



STJÓRN SSH 458. fundur

Mánudaginn 4. júní 2018, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi

Fundinn sátu: Ásgerður Halldórsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Sigurður Björn Blöndal, Haraldur Sverrisson, og Guðný Ívarsdóttir.

Fjarverandi: Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson og Haraldur Líndal Haraldsson
Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Málefni SORPU bs. – samningaviðræður milli SORPU og SOS /málsnr. 1711001

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri SORPU bs. og Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri.

Farið var yfir stöðu í viðræðum fulltrúa SORPU bs. og Sorpstöðvar Suðurlands vegna mögulegs sameiginlegs urðunarstaðar á suðurlandi. Ennfremur var rætt um stöðu urðunar í Álfsnesi í ljósi þess að núverandi starfsleyfi rennur út á þessu ári.

2. Sameiginleg vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. /málsnr. 1505001

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri kynnti samkomulag vatnveitna á höfuðborgarsvæðinu um viðhald og rekstur rennslílkans vegna vatnsverndar og vatnsnýtingar.

3. Yfirferð vegna skipunar í stjórnir byggðasamlaganna að afloknum sveitarstjórnarkosningum 2018

Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit yfir skiptingu formennsku og varaformennsku í byggðasamlögunum á liðnu kjörtímabili.

Umræður

Niðurtaða:

Framkvæmdastjóra falið að taka saman yfirlit yfir skipan formennsku og varaformennsku frá árinu 2010 til dagsins í dag.


Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:30



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 28. maí 2018
SFS2018050161
0.11.2
HG/ag

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarlögmaður
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík



Efni: Drög að samstarfs- og styrktarsamningi við RÚV

Á fundi skóla- og frístundaráðs 23. maí 2018 voru lögð fram drög að samstarfs- og styrktarsamningi skóla- og frístundasviðs við Ríkisútvarpið auk minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.

Samþykkt og vísað til borgarráðs með fimm atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins situr hjá.

Lögð var fram svohljóðandi fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er eftir álit borgarlögmanns á því hvort umræddur samningur við Ríkisútvarpið er í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar. Fjárhæð samningsins nemur 14.169.000 krónum. Samkvæmt innkaupareglunum er skylt að viðhafa fyrirspurn þegar keypt er þjónusta ef áætluð samningsfjárhæð er á bilinu 7-14 milljónir króna. Þá er skylt að viðhafa útboð þegar áætluð samningsfjárhæð er yfir 14 milljónum króna.

Með vísan til framangreinds er óskað eftir álit borgarlögmanns á framangreindu.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Drög að samstarfs- og styrktarsamningi
Minnisblað sviðsstjóra, dags. 17. maí 2018
Afrít:
Borgarráð

Skóla – og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 (hér eftir nefnt SFS) og Ríkisútvarpið ohf., kt. 600307-0450 (hér eftir nefnt RÚV), gera með sér svofelldan

Samstarfs- og styrktarsamning

1.gr

Markmið

Markmið samnings þessa er að styðja við unglíngalýðræði og skapa vettvang fyrir raddir unglíngla í íslensku samfélagi.

UngRÚV er þjónusta við ungt fólk þvert á miðla RÚV. Samningurinn er fram settur sem styrkur til að tryggja rekstrargrundvöll og starfsemi UngRÚV. Markmið samstarfs RÚV og SFS er að unglínglar í 8., 9. og 10. bekk í Reykjavík fái tækifæri til að þróa og taka þátt í verkefnum UngRÚV þar sem áhersla er lögð á fjölbreytileika og mismunandi hæfileika samfélagsins.

2. gr.

Réttindi

RÚV fer með ótakmarkaðan og ótímabundinn rétt á öllu því efni, sem miðlað er á UngRÚV, bæði hérlendis sem erlendis. Rétturinn gildir jafnt um einstök atriði í þjónustu UngRÚV sem og miðla UngRÚV í heild.

3. gr.

Framlag RÚV

Framlag RÚV skv. samningi þessum er eftirfarandi :

- RÚV þróa vefsíónvarp fyrir ungt fólk (8., 9. og 10. bekkíngla), í samstarfi við SFS.
- RÚV leggur til tækja- og tækniúnað til að streyma frá að minnsta kosti þremur unglínglaviðburðum á vegum SFS á gíldistíma samnings þessa.
- RÚV leggur til grundvallar miðil (UngRÚV) þar sem unglíngum gefst tækifæri til að koma á framfæri eígin framleiðslu, t.a.m stuttmyndum, videobloggi, jafníngjafræðslu, tískubloggi o.fl.
- Námskeið í tækni- og dagskrárgerð haldið árlega á vegum RÚV, þar sem um tuttugu reykvískum unglíngum, ásamt jafnöldrum þeirra annars staðar af landinu, er boðið að taka þátt.
- RÚV gefur ungu tækniúólki möguleika á að taka þátt í framleiðslu á efni fyrir UngRÚV, að undangengnu námskeiði skv. samningi þessum.
- Aðilar í samstarfi við UngRÚV setja á laggírnar teymi sem mótar dagskrárstefnu í samráði við dagskrárstjóra RÚV.

- Gæta skal trúnaðar gagnvart málefnum barna og skal tryggt að aflað sé samþykkis forsjáraðila þegar við á.

4. gr.

Framlag SFS

Framlag SFS skv. samningi þessum er eftirfarandi:

- SFS styrkir RÚV um alls kr. 14.169.000,- á samningstímanum.
- Greiðslur skulu inntar af hendi sem hér segir:

1	15. maí 2018	2.267.000
2	15. sept. 2018	2.267.000
3	15. jan. 2019	2.266.666
4	15. maí 2019	2.266.667
5	15. sept. 2019	2.266.667
6	15. jan. 2020	1.417.500
7	15. apríl 2020	1.417.500

- Allar upphæðir eru undanskyldar virðisaukaskatti, en ekki er um virðisaukaskattskylda starfsemi að ræða.
- Verkefnastjóri Barnamenningar SFS sér um samstarf og er tengiliður við RÚV / UngRÚV fyrir hönd SFS.
- Ekki er um frekari greiðslur að ræða af hálfu SFS skv. samningi þessum.
- Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

5. gr

Gildistími samnings

Gildistími samnings þessa er frá undirritun til 31. maí 2020. Fellur samningurinn þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja samningsaðila með 3 mánaða fyrirvara og miðast uppsögn við mánaðamót.

6. gr.

Vanefndir, reglur o.fl

Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hefur ofgreitt styrkfjárhæð af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka, mun sviðið lækka styrkfjárhæð til RÚV við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu.

Verði um verulegar vanefndir að ræða á skyldum skv. samningnum af hálfu annars hvors samningsaðila er gagnaðila heimilt að rifta samningnum, þ.m.t. afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu, án frekari fyrirvara eða aðvarana. Áður en til riftunar kemur skal samningsaðili þó hafa skorað á gagnaðila að bæta úr vanefndinni innan hæfilegs frests, sem skal að öllu jöfnu ekki vera lengri en 14 dagar.

Um samning þennan fer eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki og skal geta þess í kynningarefni RÚV að stofnunin njóti styrks frá Reykjavíkurborg.

Skv. reglum Reykjavíkurborgar um styrki skulu þeir, sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg, skila kyngreindum gögnum um þá, sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar. Sérstaklega skal greint frá því hvaða áhrif styrkurinn hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks, sbr. mannréttindastefna Reykjavíkur. Greinargerðinni skal skilað á sérstöku eyðublaði <http://www.reykjavik>.

Skv. mannréttindastefnu borgarinnar eru styrkir borgarinnar bundnir því skilyrði að unnið sé gegn mismunun og að jafnrétti. Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar getur krafist viðtakanda styrks um greinargerð um ráðstöfun hans til að fylgjast með því að hann sé nýttur á jafnréttisgrundvelli.

7. gr.

Fjárhagsleg ábyrgð og framsal

Reykjavíkurborg ber hvorki lagalega né fjárhagslega ábyrgð á verkefnum sem unnin verða á grundvelli styrksins..

Samningsaðila er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

7. gr.

Varnarþing o.fl.

Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsins skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Reykjavík, x. maí 2018

F.h. RÚV / UngRÚV

F.h. skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Sindri Bergmann Þórarinsson

Harpa Rut Hilmarsdóttir



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 17. maí 2018
SFS2018050161
139. fundur
HG/sp/hrh

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Samningur SFS við RÚV um UngRÚV

Markmið samnings þessa er að styðja við unglíngalýðræði og skapa vettvang fyrir raddir unglínga í íslensku samfélagi í samræmi við nýja menntastefnu Reykjavíkurborgar.

UngRÚV er þjónusta við ungt fólk þvert á miðla RÚV. Markmið samstarfs RÚV og SFS er að unglíngar í 8., 9. og 10. bekk í Reykjavík fái tækifæri til að þróa og taka þátt í verkefnum UngRÚV þar sem áhersla er lögð á fjölbreytileika og mismunandi hæfileika samfélagsins.

Verkefnið mun felast fyrst og fremst í eftirfarandi:

- RÚV þróa vefsíónvarp fyrir ungt fólk (8., 9. og 10. bekklinga), í samstarfi við SFS.
- RÚV leggur til tækja- og tæknibúnað til að streyma frá að minnsta kosti þremur unglíngaviðburðum á vegum SFS á gildistíma samnings þessa.
- RÚV leggur til grundvallar miðil (UngRÚV) þar sem unglíngum gefst tækifæri til að koma á framfæri eigin framleiðslu, t.a.m stuttmyndum, videobloggi, jafningjafræðslu, tískubloggi o.fl.
- Námskeið í tækni- og dagskrárgerð haldið árlega á vegum RÚV, þar sem um tuttugu reykvískum unglíngum, ásamt jafnöldrum þeirra annars staðar af landinu, er boðið að taka þátt.
- RÚV gefur ungu tæknifólki möguleika á að taka þátt í framleiðslu á efni fyrir UngRÚV, að undangengnu námskeiði.
- Aðilar í samstarfi við UngRúv setja á laggirnar teymi sem mótar dagskrárstefnu í samráði við dagskrárstjóra RÚV.
- Gæta skal trúnaðar gagnvart málefnum barna og skal tryggt að aflað sé samþykkis forsjáraðila þegar við á.

Samningurinn er mjög í takt við helstu markmið nýrrar menntastefnu sem eru eftirfarandi:

Að öll börn:

- vaxi, dafni og uni saman í samfélagi sem einkennist af lýðræði, jafnrétti, mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífsins.

- þrói sterka sjálfsmýnd, trúi á eigin getu og nái árangri námslega og félagslega í skóla- og frístundastarfi.
- lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru. • sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun.
- tileinki sér heilbrigðan lífsstíl og búi yfir hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði.

Greiðslur samkvæmt samningi þessum til rúv eru krónu 14.169.000,- sem skiptist niður á þrjú ár. Kostnaður vegna ársins 2018 rúmast innan fjárhagsramma sviðsins hvað varðar árið 2018.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundasvið

Sendandi: Embætti borgarlögmanns

Minnisblað - drög að samstarfs- og styrktarsamningi við RÚV

Með bréfi, dags. 28. maí 2018, óskaði sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs eftir álit borgarlögmanns á því hvort tilgreindur samningur skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar við RÚV væri í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar.

Í 13. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar er kveðið á um heimild til að veita undanþágu til að nota innkaupaferli við nánar tilgreindar aðstæður, meðal annars við kaup á þjónustu tengdri menntun og tómstunda-, menningar- og íþróttastarfsemi. Við túlkun á því hvort tilteknir samningar falli undir ákvæðið skal líta til II. viðauka A og B við lög um opinber innkaup og viðeigandi CPV kóða sem notaður er til að skilgreina þjónustuna sem undir ákvæðið fellur. Umræddur samningur skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar við RÚV felur í sér samstarf milli samningsaðila og hefur það að markmiði að styðja við unglíngalýðræði og skapa vettvang fyrir raddir unglínglinga í íslensku samfélagi í samræmi við nýja menntastefnu Reykjavíkurborgar, m.a. með námskeiðum í tækni- og dagskrárgerð fyrir nemendur á efsta grunnskólastigi. Þjónustan sem samningurinn kveður á um fellur samkvæmt því undir CPV kóða 80000000-4 (education and training services) og 80300000-7 (youth education service). Að mati borgarlögmanns fellur umræddur styrktarsamningur því undir þá starfsemi sem tilgreind er í 13. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar. Rétt er að geta þess að fjárhæð samningsins er undir viðmiðunarfjárhæðum VIII. kafla laga nr. 120/2016 um opinber innkaup og er því ekki fyrir hendi lagaskylda að bjóða samninginn út í samræmi við ákvæði þeirra laga.

Samkvæmt 13. gr. innkaupareglna er skylt að afla samþykkis innkauparáð um fyrirhuguð innkaup á þjónustu sem fellur undir ákvæðið. Borgarráð getur þó eftir atvikum einnig veitt samþykki fyrir því að víkja frá innkaupaferli, sbr. 46. gr. samþykktar nr. 715/2013 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Fyrir hönd borgarlögmanns,


Benedikt Hallgrímsson lögmaður

Bjarni Þóroddsson

Frá: Helga Björk Laxdal
Sent: föstudagur, 8. júní 2018 12:03
Til: Borgarráðsgögn
Efni: FS: Kynningarfundir kjarasviðs sambandsins vikuna 11. - 15. júní vegna kjarasamnings Félags grunnskólakennara

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggað

Flokkar: Grænn flokkur; Appelsínugulur flokkur



á lista – kynning hjá borgarfullt'ruum

Helga Björk Laxdal.
Skrifstofustjóri borgarstjórnar
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargata 11, 101 Reykjavík
sími: 411-4700
tölvupóstfang: helga.laxdal@reykjavik.is

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

From: Bjarni Ómar Haraldsson [mailto:bjarni.omar.haraldsson@samband.is]
Sent: 7. júní 2018 14:04
To: Bjarni Ómar Haraldsson
Subject: Kynningarfundir kjarasviðs sambandsins vikuna 11. - 15. júní vegna kjarasamnings Félags grunnskólakennara

Ágæti viðtakandi.

Kjarasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga boðar til funda á nokkrum stöðum á landinu þar sem kynntur verður kjarasamningur grunnskólakennara sem undirritaður var 25. maí s.l. og samþykktur var í atkvæðagreiðslu félagsmanna sem lauk 5. júní s.l.

Fundurinn er ætlaður eftirtöldum aðilum:

- Skólastjórendum
- Bæjar- og sveitarstjórum.
- Fræðslustjórum og starfsfólki skólaskrifstofa sem kemur að framkvæmd kjarasamningsins.
- Formönnum/Fulltrúum fræðslunefnda sveitarfélaga.
- Fjármálastjórum.
- Launafulltrúum/yfirmönnum launadeilda sem vinna að launavinnslu vegna grunnskólakennara
- Öðrum þeim aðilum sem sveitarfélagið telur mikilvægt að sitji slíkan fund og taki þátt í umræðum.

Vinsamlega áframsendið póstinn til þeirra aðila innan sveitarfélagsins sem þið teljið að eigi erindi á fundinn.

Fundirnir verða haldnir á fimm stöðum á landinu. Hér að neðan eru upplýsingar um tímasetningu fundanna og staðsetningu þeirra.

Selfoss – Fyrir Suðurland
Þriðjudagurinn 12. júní 2018

Fundarstaður: Sunnulækjarskóli á Selfossi
Fundartími 8:30-10:30.

Hafnarfjörður – Fyrir Krikann
Þriðjudagurinn 12. júní 2018
Fundarstaður: Setbergsskóli, fyrirlestrarsalur
Fundartími 14:00 -16:00.

Borgarnes – Fyrir Vesturland
Miðvikudagurinn 13. júní 2018
Fundarstaður: Hjálmaklettur, Menntaskólanum í Borgarnesi
Fundartími: 15:00 – 17:00.


Fjarðarbyggð – Fyrir Austurland
Fimmtudagurinn 14. júní 2018.
Fundarstaður: Grunnskólinn á Reyðarfirði
Fundartími: 13:00 – 15:00.

Akureyri – Fyrir Norðurland
Föstudagurinn 15. júní 2018
Fundarstaður: Brekkuskóli
Fundartími: 10:00 – 12:00

Það er von kjarasviðs að sem flestir sjái sér fært að mæta og nýta þetta tækifæri til að kynna sér og eiga samtal um innihald samningsins.

Með bestu kveðju f.h. kjarasviðs

Bjarni Ómar



Bjarni Ómar Haraldsson
sérfræðingur á kjarasviði
Beint innval: 515 4927
Netfang: bjarni.omar.haraldsson@samband.is


Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Ferska ehf.-fjárfestingar og ráðgjöf
Árni Helgason



Reykjavík 16. apríl 2018.

Efni: Akrasel 8

Við er til bréfs þíns dags. 12. apríl sl. þar farið er fram á að álögð gatnagerðargjöld vegna samþykktar byggingarleyfis þann 29. ágúst sl. verði felld niður og umsókn um byggingarleyfi samþykkt eins og hún liggur fyrir svo og ný eignaskiptayfirlýsing sem byggð sé á breyttum eignarhlutföllum í húsinu.

Er í bréfinu m.a. á því byggt að ljóst hafi verið þegar á árinu 1985, þegar fasteignamat ríkisins samþykkti og staðfesti eignarhaldi og skiptingu hússins að annars vegar væri um að ræða íbúð í kjallara sem sé 76.1 m² að stærð og hinsvegar íbúð merkt 01 01 01 sem sé 240 m² að stærð, að ekki hafi um óútráfið rými verið um að ræða sem skerði stærð íbúðarinnar.

Embætti byggingarfulltrúa fellst ekki á framkomin sjónarmið og vísar m.a. í því sambandi til tölvupósts Guðlaugar Sigurborgar Sigurðardóttur, fjármálastjóra eigna – og atvinnuþróunar hjá Reykjavíkurborg til þín þann 3. apríl sl., en þar kemur m.a. skýrt fram að forsendur lokaúttektar og þess að eignaskiptayfirlýsing verði samþykkt séu að gjöldin séu greidd. Þinglýsing eignaskiptayfirlýsingar sé svo aftur forsenda þess að unnt sé að selja annan matshlutann eða báða. Greidd hafi verið gatnagerðargjöld vegna samþykktara teikninga 1975 með síðari breytingum 1983 þegar íbúð á jarðhæð var samþykkt. Í afsali dags. 13. júní 2005 er íbúð með fastanúmeri 205-5135 tilgreind 76,1 m² og stemmir það við skráningu þjóðskrár. Sú íbúð sé hins vegar 67,1 m² stærri samkvæmt reyndarteikningum sem lagðar voru inn til byggingarfulltrúa 30. júní síðastliðinn. Efri hæðin - íbúð með fastanúmeri 205-5136 er tilgreind 240,2 m² hjá þjóðskrá en hún minnkar um þessa sömu 67,1 m² samkvæmt áður nefndum reyndarteikningum.

Á uppdráttum frá 1975 og 1983 er sýnt óútfyllt rými sem var svo samþykkt í ágúst sl. og gatnagerðargjöld lögð á í samræmi við stækkunina. Það að þjóðskrá hafi skráð stærð hússins með rýminu á árinu 1985 hefur ekkert með embætti byggingarfulltrúa að gera, enda eru einungis fasteignagjöld innheimt skv. skráningu þjóðskrár. Það var því alltaf á hendi eiganda á hverjum tíma að sækja um að fá rýmið samþykkt og þar með gat hann vænst þess að þurfa að greiða gatnagerðargjöld til samræmis við stækkunina

Umrædd gjöld eru því að mati embættisins réttilega álögð og í samræmi við núverandi stærð hússins.

Ekki er því fallist á erindið.


Vakin er athygli á að skv. 14. gr. samþykktar um gatnagerðargjald í Reykjavíkurborg nr. 725/2007, m.s.br. getur byggingarleyfishafi óskað sérstakrar ákvörðunar borgarráðs á útreikningi byggingarfulltrúa og álagningu gatnagerðargjalds. Ákvörðun borgarráðs eða borgarstjórnar um álagninguna getur aðili skotið til úrskurðar félagsmálaráðherra skv. 11. gr. laga nr. 153/2006 um gatnagerðargjald.

F.h. byggingarfulltrúans í Reykjavík

Harri Ormarsson, hdl.



Ferska ehf – fjárfestingar og ráðgjöf
671197-2329
s. 663 4290 rafpóstur: arni.helgason@ferska.com



Reykjavíkurborg
Borgarráð
S. Björn Blöndal, formaður
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Reykjavík 7. maí 2018

Vegna: óskar um sérstaka ákvörðun borgarráðs um gatnagerðargjald vegna Akrasels 8, fnr. 205-5136 og 205-5135
Tilvísun: Bréf dags. 1.9. 2017 frá Byggingarfulltrúanum í Reykjavík

Hér með er óskað eftir því að borgarráð taki til umfjöllunar ákvörðun um álagningu gatnagerðargjalda vegna Akrasels 8, 109, skv. 14. gr. Samþykktar um gatnagerðargjald í Reykjavík.

Reykjavíkurborg samþykkti, með bréfi dags. 1.9. 2017, umsókn um byggingarleyfi að breytingum í kjallara að Akraseli 8 í samræmi við reyndarteikningar af áður gerðum breytingum. Hins vegar er samþykkið bundið því skilyrði að gatnagerðargjöld verði greidd af því rými sem um ræðir, 67,1m² og visar fulltrúi borgarinnar í tölvupósti dags. 3. janúar 2018 í að gatnagerðargjöld hafi verið greidd skv. upphaflegri teikningu 1973 og síðan aftur við breytingu 1983 þegar íbúð í kjallara var samþykkt. Í póstinum er fullyrt að „Fasteignagjöld eru innheimt skv. skráningu Þjóðskrár (sic) og hafa stærðir í raun ekkert með samþykktir byggingarfulltrúa að gera.“ Þetta er tekið fram í póstinum vegna mótbáru þinglýsts eiganda að íbúð með fastanúmer 205-5136 í tölvupósti hans frá 2. janúar 2018 um að fasteignagjöld hafi verið greidd af birtri stærð eignarinnar, samtals 240,2m² svo lengi sem hann hafi greitt þau gjöld eða frá því hann eignaðist viðkomandi eign árið 1985. Í sama pósti er vísað til lagnateikninga frá Sigurði Sigvaldasyni dags. júní 1976 sem eru staðfestar af Byggingarfulltrúanum í Reykjavík 14.10. 1975 þar sem augljóst er að ekki er um útgrafið rými að ræða í kjallaranum. Eigendur Akrasels 8 mótmæla því að rétt sé að leggja á viðbótargatnagerðargjöld enda hafi þeim ekki mátt vera ljóst að Reykjavíkurborg teldi um útgrafið rými að ræða þar eð fasteignagjöld hafa verið greidd af samtals 240,2m² frá því núverandi eigendur eignuðust umrædda eign.

Skv. lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga er skv. 2. mgr. 3.gr. kveðið á um að „Stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.“ Í lögum nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna er í 1.-2. mgr. 19. gr kveðið á um að „Viðkomandi sveitarstjórn er ábyrg fyrir að Þjóðskrá Íslands berist upplýsingar um lönd og lóðir og breytingar á þeim, svo og um öll mannvirki, sem gerð eru í umdæmum þeirra hvers um sig, og um breytingar á þeim og eyðingu þeirra ... Sveitarstjórn skal að jafnaði fela byggingarfulltrúa viðkomandi sveitarfélags upplýsingagjöf um fyrrgreind atriði.“ Af þessum sökum er ljóst að grundvöllur að skráningu fasteignamats liggur hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar og getur hann ekki skotið sér undan ábyrgð á því að upplýsingar um fasteignir séu rétt skráðar hjá Þjóðskrá (áður Fasteignamati Ríkisins). Samkvæmt reglugerð nr. 543/1996 um gatnagerðargjald, er sveitarfélagi í 10. gr. veitt heimild til að innheimta viðbótargatnagerðargjald sé um að ræða „breytta notkun ... þannig að húseignin færir í hærri gjaldflokk ... þá skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna.“

Samkvæmt upplýsingum Þjóðskrár (sóttar 26. 3. 2018¹) er húseignin fnr.: 205-5136 að Akraseli 8 skilgreind sem annars vegar íbúð á hæð, 143,6m², íbúð í kjallara, 67,5m² og hins vega bílskúr í séreign 29,1m² eða samtals 240,2m². Grundvöllur þeirrar skráningar er verðmætaflokkun rýma og því ljóst að á þeim tíma var ekki um útgrafið rými að ræða eins og haldið er fram í bréfi til Ólafíu Sveinsdóttur dags. 22.8. 2017 frá Byggingarfulltrúanum í Reykjavík. Útgrafið rými skal ekki telja með í birtu flatarmáli fasteigna.

Skv. úrskúrði Fasteignamats ríkisins dagsettu 24. maí 1985 er eignarhald og skipting hússins að Akraseli 8 samþykkt og staðfest. Þar kemur fram að annars vegar er um að ræða íbúð í kjallara sem er 76,1m² að stærð og hins vegar íbúð merkt 01 01 01 sem er 240,2m² að stærð. Ljóst er því að þegar árið 1985 er íbúðin skráð fullir 240,2m² og því ekki um útgrafið rými sem skerðir stærð hennar að ræða. Lagnateikningar frá 1975 renna og stoðum undir þá ályktun. Forsendur ákvörðunar Reykjavíkurborgar um að um útgrafið rými sé að ræða standast því ekki. Opinber skráning skal að jafnaði telja rétta og höfðu eigendur Akrasels 8 ekki vitneskju um að Reykjavíkurborg teldi að um útgrafið rými að ræða enda vandséð með hvaða hætti Reykjavíkurborg telji sér heimilt að leggja fasteignagjöld á rými sem ekki er til samkvæmt upplýsingum byggingarfulltrúa.

Ennfremur kemur fram á mæliblaði Fasteignamats ríkisins dagsettu 1.12. 1992 að húsið að Akraseli 8 skiptist í 4 einingar sem hér segir:

¹ Sjá <https://www.skra.is/default.aspx?pageid=92a842b5-45f2-11e7-9443-005056851dd2>

Númer hæðar og einingar	Notkun	Flatarmál einingar	Skýringar.
			Fyrri hluti er túlkun á notkunarkóða skv. upplýsingum Þjóðskrár 27. mars 2018 (email), í sviga er tenging við fastanúmer fasteignar.
00-01	02	76,1	Íbúð í kjallara (fnr. 205-5135)
00-02	10	67,5	Íbúðaherbergi í kjallara (tilheyrir fnr. 205-5136)
01-01	01	143,6	Íbúð á hæð (fnr. 205-5136)
01-02	04	29,1	Bílskúr (tilheyrir fnr. 205-5136)


Á þessu hefur fasteignamat byggst a.m.k. síðan þetta var og þó líklega frá 1985. Reykjavíkurborg hefði mátt vera ljóst frá þessum tíma að telja að það sem í upphafi kann að hafa verið skilgreint sem útgrafið rými var í raun íbúðaherbergi í kjallara og var skattlagt sem slíkt. Hafi verið forsendur til að krefjast gatnagerðargjalda vegna þessa rýmis, 00-02, 67,5m², hefði krafa um slíkt átt að koma fram árið 1985 í síðasta lagi. Líta verður svo á að ekki sé grundvöllur til þess að fara fram á greiðslu gatnagerðargjalda vegna þessa nú enda liðin yfir 30 ár frá því að birt stærð og skilgreiningar á herbergjum máttu vera Reykjavíkurborg ljós.

Nú er á það að líta að ákvörðun um fasteignamat, sem er byggð á upplýsingum frá byggingarfulltrúa, skal taka tillit til notkunar rýmis. Ekki verður annað séð en að verðmætaflokkun rýma að Akraseli 8 hafi verið þannig háttáð á tímabilinu 1985 til 2018 sem að ofan greinir. Þar sem umrætt rými, 00-02, sem nú er óskað eftir að verði sameinað fnr. 205-5135 hefur verið skráð sem herbergi í kjallara frá 1985 er vandséð að forsendur séu til að krefjast viðbótargatnagerðargjalda á grundvelli 10. gr. reglug. 543/1996. Forsendur kunna að hafa verið fyrir því árið 1985 er þessar skráningar áttu sér stað en alls ekki nú. Krafa um slíkt ætti því að beinast að fyrri eigendum eignarinnar enda hefur notkun hennar ekki breyst síðan núverandi eigendur eignuðst hana. Núverandi eigendur Akrasels 8, fnr. 205-5136, hafa staðið í þeirri trú sem staðfest er með opinberum skráningum frá 1985 að hér sé um að ræða íbúðaherbergi í kjallara og hefur sá hluti sem um ræðir verið nýttur sem slíkur frá því þeir keyptu eignina. Álagning fasteignagjalda af hálfu Reykjavíkurborgar staðfestir þann skilning.


Því er farið fram á það við borgarráð að álagning viðbótargatnagerðargjalda, skv. bréfi dags. 1.9.2017, verði felld niður og umsókn um byggingarleyfi samþykkt eins og hún liggur fyrir svo og ný eignaskiptayfirlýsing sem byggð er á breyttum eignahlutföllum í húsinu. Að öðrum kosti áskilur eigandi fasteignarinnar að Akraseli 8, 109 Reykjavík fnr. 205-5136 sér rétt til að krefjast endurgreiðslu fasteignagjalda af því rými sem um ræðir frá árinu 1985 að telja ásamt dráttarvöxtum frá sama tíma. Rýmið er 67,5m² og er það 28,1% heildarflatarmáls eignarinnar.

Virðingarfyllst,

f.h. eigenda Akrasels 8



Árni Helgason, framkvæmdastjóri,
Ferska ehf – fjárfestingar og ráðgjöf



Domus eignir slhf.
Ingólfsstræti 3
101 Reykjavík

Reykjavík, 4. júní 2018

Tilvísun ÞÍ: 2018053414/5.13.5

Tilvísun sendanda:

Efni: Lögheimilisskráning að Malarás 16 Reykjavík.

Á meðal hlutverka þjóðskrár Íslands er að stuðla að því að almannaskráning, þ.á.m. lögheimilisskráning einstaklinga, samrýmist lögum, sbr. lögheimilislög nr. 21/1990, sbr. lög nr. 54/1962, um þjóðskrá og almannaskráningu og lög nr. 73/1952 um tilkynningar um aðsetursskipti.

Í 1. mgr. 1. gr. lögheimilislaga segir að lögheimili manns sé sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu. Í 2. mgr. 1. gr. lögheimilislaga er svo nánar útskýrt að maður teljist hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómsundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika. Almannaskráning byggir á þeim gögnum sem talin eru upp í liðum 1-7. sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 54/1962. Þá byggist almannaskráning á upplýsingum sem Þjóðskrá Íslands aflar sér sjálf með eftirgrennslan eða berast á einn eða annan hátt eftir því sem þörf krefur og heimildir leyfa sbr. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 73/1954 skal hver sá, sem skiptir um aðsetur innan sveitarfélags, tilkynna það hlutaðeigandi sveitarstjórn áður en 7 dagar eru liðnir frá því, að aðsetursskiptin áttu sér stað. Í 2. mgr. 9. gr. laganna segir að hver húsráðandi er skyldur til að tilkynna aðsetursskipti einstaklinga, sem taka sér aðsetur í húsnæði á hans vegum eða hverfa úr því, eftir sömu reglum og þeir sjálfir eru tilkynningarskyldir. Enn fremur ber hverjum húseiganda að fullnægja tilkynningarskyldu fyrir einstaklinga í húsnæði hans. Í 17. gr. laganna segir að brot gegn ákvæðum laganna varði sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá eru 117 einstaklingar með skráð lögheimili að Malarás 16, Reykjavík. Samkvæmt upplýsingum úr fasteignskrá Domus eignir slhf. þinglýstur eigandi að fasteigninni að Malarás 16. Með vísan til lagaákvæðanna sem hér að ofan greinir er þess óskað að Þjóðskrá Íslands verði upplýst skriflega hverjir eigi með réttu að vera með skráð lögheimili að Malarás 16. Þess er óskað að umbeðnar upplýsingar berist Þjóðskrá Íslands innan tveggja vikna frá dagsetningu bréfs þessa.



ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND

F.h. Þjóðskrár Íslands

Birta A. Bjarnadóttir
Birta Austmann Bjarnadóttir
Sérfræðingur

Afrit:
Domus eignir slhf.
Ingólfsstræti 3
101 Reykjavík

Sölvi H Blöndal
Grenimelur 5
107 Reykjavík

Reykjavíkurborg
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík



Skrifstofa borgarstjórnar

Reykjavík, 8. júní 2018

Vísað er til erindis frá skrifstofu borgarstjórnar dags. 15. maí 2018 þar sem óskað er eftir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs á erindi Lyfjastofnunar dags. 9. maí 2018 um lyfsöluleyfi fyrir nýja lyfjabúð að Katrínartúni 4.

Ekki er gerð athugasemdi við opnun lyfjabúðar að Katrínartúni 4. Lóðin er á miðsvæði samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur, þar sem heimil er fjölbreytt atvinnustarfsemi og þjónusta. Í aðalskipulaginu er ekki mörkuð sérstök stefnu um staðsetningu lyfjabúða.

Haraldur Sigurðsson

Frá: Þórunn <thorunn.mulabaer@internet.is>

Sent: miðvikudagur, 13. júní 2018 13:19

Til: Helga Björg Ragnarsdóttir <helga.bjorg.ragnarsdottir@reykjavik.is>

Afrit: 'Múlabær,dagbjálfun aldraðra' <dagny.mulabaer@internet.is>

Efni: Opnunarhátíð Múlabæjar 20.06.2018 kl 16-18

Góðan daginn Helga,

Ég vona að ég sé að senda þetta boð á réttan aðila innan borgarkerfisins. Endilega láttu mig vita ef að svo er ekki.

Múlabær, dagbjálfun fyrir aldraða og öryrkja, hefur verið starfrækt frá árinu 1983. Í mars sl. var langþráðu markmiði náð með flutningi í nýtt og glæsilegt húsnæði að Síðumúla 32 og ætlum við að halda opnunarhátíð nk. miðvikudag kl 16-18.

Dagur B. Eggertsson kom í heimsókn á gamla staðinn á síðasta ári ásamt starfsfólki borgararinnar. Okkur væri mikil ánægja ef að hann og borgarstjórnin, sérstaklega velferðarnefndin, sæi sér fært að koma á opnunarhátíðina. Hátíðin er opin öllum þeim sem að hafa áhuga á þjónustu við aldraða.

Mér þætti vænt um að fá að vita ef að Dagur hefur tök á að mæta og fólk úr borgarstjórn.

Bestu kveðjur,

Þórunn Bjarney Garðarsdóttir
Hjúkrunarfræðingur

Forstöðumaður Múlabæjar, Síðumúla 32, s. 568-1330 og
Hlíðabæjar, Flókagötu 53, s. 562-1722
Reykjavík

Við erum á fésbókinni:

Múlabær:

<https://www.facebook.com/pages/M%C3%BAlab%C3%A6r-dag%C3%BEI%C3%A1fun-fyrir-aldra%C3%B0a-og-%C3%B6ryrkja/813601261984556>

Hlíðabær:

<https://www.facebook.com/HI%C3%AD%C3%B0ab%C3%A6r-1580230945632676/?pnref=story>



Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa
innkaupadeild

Málsnr. **R18010072**
Skjalasafn Ráðhúss
11. júní 2018
Bréfalykill: **5252**

Reykjavík, 4 júní 2018
R18010001

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Skýrsla samkvæmt 37. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar
Um er að ræða lögstjóðendur nema annað sé tekið fram.

Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. upplýsingatæknideildar Reykjavíkurborgar í maí 2018

Teg. verks / vöru / þjónustu	Seljandi / samn.aðili	Samnings- verð án vsk	Kostn.áætl.	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Ljósleiðaratengingar starfsstaða	Sýn hf / Vodafone	10.991.880	11,7 m.kr.	Pöntun	Örútböð	upplýsinga- tæknideild
Spjaldtölvur með Apple macOS stýrikerfi	Skakkítur ehf / Epli	2.467.639	5,3 m.kr. með vsk	Pöntun	Örútböð	upplýsinga- tæknideild

Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. Reykjavíkurborgar í maí 2018

Teg. verks / vöru / þjónustu	Seljandi / samn.aðili	Áætl. velta á ársgrundv.	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
LED lampar fyrir götu- og stígalýsingu	Epal hf., Ískraft ehf., Johan Rönning hf., Jóhann Ólafsson & Co, Nortek ehf., Rafmiðlun hf., Rafkaup hf., Reykjafell hf., S. Guðjónsson ehf.	Óþekkt	Rammasamn. / samn.lok 7.5.2022	EES Útböð	Innkauparáð
Tunnur, ker og djúpgámar	Íslenska gámafélagið ehf., Hafnarbakki Flutningatækni ehf., N1 hf., Fastus ehf.	Óþekkt	Rammasamn. / samn.lok 14.5.2022	EES Útböð	Innkauparáð
Hreinlætisvörur	Olíuverzlun Íslands hf., Tandur hf., Ræstivörur ehf., Rekstrarvörur ehf. og Papco hf.	110 m.kr.	Rammasamn. / samn.lok 4.7.2019	Framlenging - EES Útböð	Innkauparáð

Guðbjörg Eggertsdóttir

Guðbjörg Eggertsdóttir
innkaupadeild Reykjavíkurborgar



Borgarráð

Umsókn Zuism trúfélags um ókeypis lóð - umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar var falið að senda borgarráði svar við umsókn Zuism trúfélags dagsetta 24. maí 2018, um ókeypis lóð fyrir starfsemi sína innan „vébanda“ Reykjavíkur. Skilja verður umsókn félagsins þannig að með orðinu vébönd er átt við lóð sem afmörkuð er í deiliskípulagi og liggur innan borgarmarkanna.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 35/1970 um Kristnisjóð o.fl. á við um kirkjur en ekki trúfélög. Ákvæðið hljóðar svo:

„Sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna er skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi. [Nú er prestur skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni og er þá sveitarfélagi skylt að leggja til ókeypis lóð undir íbúðarhús hans ef um lögboðið prestssetur er að ræða.] 1)“

Ákvæðið er í samræmi við 1. mgr. 62. gr. stjórnarskrárinnar sem hljóðar svo:

„Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.“


Ekki er samsvarandi ákvæði í stjórnarskrá um trúfélög sem standa utan þjóðkirkjunnar.

Gatnagerðargjald er skattur og allar undanþágur á greiðslu þess ber að skýra þröngt. Skylda sveitarfélagsins á grundvelli 5. gr. laga um Kristnisjóð nr. 35/1970, til þess að undanþiggja kirkjubyggingar frá greiðslu gatnagerðargjalds, getur af þeirri ástæðu ekki náð til trúfélaga. Ekki er hægt að verða við umsókn félagsins á þeim grundvelli.

Trúfélög og kirkjur sem fengið hafa niðurfellingu gatnagerðargjalds af hálfu Reykjavíkurborgar á síðustu árum hafa fengið þá niðurfellingu samþykkt á grundvelli 2. mgr. 6. gr. laga nr. 153/2006 um gatnagerðargjald enda þó að ekki sé sérstaklega vikið að trúfélögum í undanþáguákvæðinu. Það er ekki einhlýtt að þessu ákvæði hafi verið beitt gagnvart trúfélögum. Til að mynda var Hjálpræðishernum, sem er skráð trúfélag úthlutað lóð við Suðurlandsbraut 72-74, gert að greiða gatnagerðargjald og gjald fyrir byggingarréttinn. Það er borgarráðs að meta í hvert og eitt sinn hvort ákvæðinu er beitt. Áréttað er að það er ekki lögbundið hlutverk Reykjavíkurborgar að útvega lóð fyrir trúfélög. Ákvörðun um slíka úthlutun er stjórnsýsluákvörðun en réttindi og skyldur lóðarhafa sem fær slíka lóð úthlutaðri, lúta einkaréttarlegum ákvæðum í úthlutunarbréfi borgarráðs. Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar mælir ekki með að umræddu undanþáguákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 153/2006, verði beitt í þessu tilviki þar sem það ber að skýra þröngt.

Magnús Ingi Erlingsson

Lögfræðingur skrifstofu eigna og atvinnuþróunar



Afbrotatölfræði

maí 2018

Aðferð



Í skýrslu þessari eru teknar saman mánaðarlega lykiltölur embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Einungis er um bráðabirgðatölur að ræða. Fjöldinn getur breyst með brotum sem kærð eru seint og því verið frábrugðinn endanlegum tölum.

Hér að neðan er fjöldi afbrota í maí borinn saman við meðalfjölda brota síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan út frá staðalfrávikum. Með því að reikna staðalfrávik er hægt að áætla neðri og efri mörk brota síðastliðna sex og 12 mánuði á undan sem nýtast til þess að leggja mat á hve marktækar breytingarnar í maí eru miðað þessi mörk.

	Apríl 2018	Maí 2018	Staða breytinga m.v. 6 mán.	Staða breytinga m.v. 12 mán.
Hegningarlagabrot	716	740	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	288	322	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	72	97	Innan marka	Fjölgar
Manndráp og líkamsmeiðingar	110	103	Fækkar	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	5	6	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	19	15	Innan marka	Fækkar
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	2	3	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	120	122	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	25	36	Fjölgar	Innan marka
Fíkniefni	137	126	Innan marka	Innan marka
Umferðarlagabrot	1.648	1.091	Mikil fjölgun	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	123	135	Innan marka	Innan marka
Ölvun við akstur	100	88	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	19	28	Innan marka	Innan marka

Hegningarlagabrot

- Skráð voru 740 hegningarlagabrot í maímánuði. Eru það fleiri tilkynningar en bárust í apríl.
- Skráð hegningarlagabrot voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði.
- Það sem af er ári hafa borist álíka margar tilkynningar um hegningarlagabrot líkt og bárust að meðaltali á sama tímabili síðustu þrjú ár á undan.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Hegningarlagabrot	Maí 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	740	746	705	786	-37	-5%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	740	777	698	786	-6	-1%	Innan marka




- Í maí bárust 322 tilkynningar um þjófnaði. Tilkynntum þjófnuðum fjölgaði á milli mánaða.
- Tilkynntir þjófnaðir voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Tilkynningum um innbrot, hnupl, þjófnaði á reiðhjólum fjölgaði á milli mánaða. Tilkynningum um annars konar þjófnaði fækkaði.
- Það sem af er ári hefur tilkynningum um þjófnaði fækkað um tíu prósent miðað við meðalfjölda á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.



	maí	jún	júl	ág	sep	okt	nóv	des	jan	feb	mar	apr	maí
■ Þjófnaður - innbrot	65	58	51	75	83	84	100	81	92	98	70	72	97
■ Þjófnaður - hnupl	88	56	63	69	84	73	66	63	39	44	52	53	56
■ Þjófnaður - gsm	41	49	39	50	32	33	33	26	28	26	24	31	26
■ Þjófnaður - reiðhjól	51	49	47	71	57	57	18	10	3	3	26	33	53
■ Þjófnaður - annað	85	100	114	150	181	151	183	114	113	104	120	99	90
Þjófnaður alls	330	312	314	415	437	398	400	294	275	275	292	288	322


Þjófnaður	Maí 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	322	304	260	348	18	6%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	322	336	279	393	-14	-4%	Innan marka



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.


Innbrot—dags. brots

- Í maí bárust 97 tilkynningar um innbrot til lögreglu. Tilkynningum fjölgaði lítillega á milli mánaða.
- Fjöldi tilkynninga um innbrot fjölgaði miðað við útreiknuð efri mörk fyrir síðustu 12 mánuði á undan.
- Á milli mánaða fjölgaði tilkynningum um innbrot á allar tegundir vettvanga.
- Það sem af er ári hafa borist um 12 prósent fleiri tilkynningar um innbrot en bárust að meðaltali á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.



	maí	jún	júl	ág	sep	okt	nóv	des	jan	feb	mar	apr	maí
Annað	2	1	0	2	0	2	1	0	1	0	2	0	3
Fyrirtæki/stofnun	20	18	14	12	23	21	31	17	37	30	22	22	31
Heimili/einkalóð	26	24	22	29	35	34	46	43	36	60	26	19	28
Ökutæki	17	15	15	32	25	28	23	21	18	9	20	32	36
Innbrot alls	65	58	51	75	83	84	100	81	92	98	70	72	97


Innbrot	Maí 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	97	86	12	74	97	12	Innan marka
12 mánaða meðaltal	97	77	15	63	92	20	Fjölgar



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.


Ofbeldisbrot

- Í maí voru skráðar 103 tilkynningar um ofbeldisbrot. Tilkynningum fækkaði lítillega á milli mánaða.
- Skráðum ofbeldisbrotum fækkaði miðað við útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist um 12 prósent fleiri tilkynningar um ofbeldisbrot en bárust að meðaltali á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.



	Líkamsárás, minniháttar	99	67	86	77	89	87	99	86	81	100	95	83	84
	Líkamsárás, meiriháttar/stórfelld	12	16	11	16	19	12	15	26	12	16	12	19	14
	Önnur ofbeldisbrot	7	6	4	4	4	6	5	7	5	2	6	8	5
	Ofbeldisbrot alls	118	89	101	97	112	105	119	119	98	118	113	110	103


Ofbeldisbrot	Maí 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	103	113	105	120	-10	-9%	Fækkar
12 mánaða meðaltal	103	108	99	118	-5	-5%	Innan marka



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Ofbeldi gagnvart lögreglumanni





Ofbeldi gagnvart lögreglumanni

- Í maí voru skráð sex tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 57 prósent fleiri tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi en skráð voru að meðaltali síðustu þrjú ár á undan.


Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni

- Í maí var eitt tilvik skráð þar sem lögreglumanni var hótað ofbeldi.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 32 prósent fleiri tilvik þar sem lögreglumanni var hótað ofbeldi en skráð voru að meðaltali síðustu þrjú ár á undan.

Ofbeldi gagnvart lögreglumanni




Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.





Kynferðisbrot—dags. brots



- Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust 15 tilkynningar um kynferðisbrot sem áttu sér stað í maí.
- Tilkynntum kynferðisbrotum fækkaði miðað við útreiknuð mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist um 21 prósent fleiri tilkynningar en bárust að meðaltali á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.

Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem áttu sér stað í hverjum mánuði fyrir sig á tímabilinu.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Kynferðisbrot	Maí 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	15	24	14	34	-9	-38%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	15	24	17	31	-9	-38%	Fækkar





Kynferðisbrot—dags. tilkynnt



- Skráð voru 32 kynferðisbrot í maí. Skráðum brotum fækkaði miðað við fjölda í apríl.
- Skráð kynferðisbrot voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 81 prósent fleiri kynferðisbrot en voru skráð að meðaltali á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.

Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem voru tilkynnt í hverjum mánuði fyrir sig, burt séð frá því hvenær brotið átti sér stað.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Kynferðisbrot	Maí 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	32	35	24	47	-3	-9%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	32	32	23	42	0	-1%	Innan marka



Heimilisofbeldi

- Alls bárust 56 tilkynningar um heimilisofbeldi í maí.
- Fjöldi tilkynninga var innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist um 18 prósent fleiri tilkynningar um heimilisofbeldi en bárust að meðaltali á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Heimilisofbeldi	Maí 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	56	61	54	68	-5	-8%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	56	61	54	68	-5	-8%	Innan marka



Leit að týndum ungmennum

- Alls bárust 24 beiðnir um leit að börnum og ungmennum í maí.
- Fjöldi leitarbeiðna í maí var innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist um 67 prósent fleiri leitarbeiðnir en bárust að meðaltali á sama tímabili árin 2015 til 2017.





Fjöldi verkefna það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Leitarbeiðnir	Maí 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	24	20	12	29	4	19%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	24	21	12	28	3	15%	Innan marka



- Í maí voru skráðar 125 tilkynningar um eignaspjöll.
- Fjöldi tilkynninga um eignaspjöll var innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Á milli mánaða fjölgaði tilkynningum um rúðubrot og meiriháttar eignaspjöll, tilkynningum um önnur eignaspjöll fækkaði.
- Það sem af er ári hafa borist um 13 prósent fleiri tilkynningar um eignaspjöll en bárust að meðaltali á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Eignaspjöll	Maí 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	125	123	105	140	3	2%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	125	123	107	138	2	2%	Innan marka



Nytjastuldur ökutækja

- Skráðar voru 36 tilkynningar um nytjastuld á vélknúnum ökutækjum í maí.
- Tilkynningum um nytjastuldi fjölgaði í maí miðað við útreiknuð efri mörk fyrir síðustu sex mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist um álíka margar tilkynningar um nytjastuldi líkt og bárust að meðaltali á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Nytjastuldir	Maí 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	36	26	20	32	10	40%	Fjölgar
12 mánaða meðaltal	36	28	19	38	8	27%	Innan marka



Fíkniefnabrot

- Í maí voru skráð 127 fíkniefnabrot á höfuðborgarsvæðinu. Skráðum brotum fækkaði á milli mánaða.
- Skráð fíkniefnabrot voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Eitt stórfellt fíkniefnabrot var skráð á höfuðborgarsvæðinu í maí.*
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 13 prósent fleiri fíkniefnabrot en voru skráð að meðaltali á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Fíkniefni	Maí 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	126	138	125	151	-12	-9%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	126	141	121	161	-15	-11%	Innan marka



Umferðarlagabrot

- Skráð var 1.091 umferðarlagabrot* í maí. Skráðum umferðarbrotum fjölgaði á milli mánaða.
- Skráðum umferðarlagabrotum fjölgaði mikið í maí miðað við útreiknuð efri mörk fyrir síðustu sex 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa verið skráð álíka mörg umferðarlagabrot á höfuðborgarsvæðinu og voru skráð að meðaltali á sama tíma sl. þrjú ár á undan.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra. Heildarfjöldi brota—með hraðamyndavélum.

Umferðarlagabrot	Maí 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	1.091	836	716	956	255	30%	Mikil fjölgun
12 mánaða meðaltal	1.091	930	756	1.104	161	17%	Innan marka





Akstur undir áhrifum

Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna

- Skráð voru 135 brot þar sem ökumaður var grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna í maí.
- Skráður fjöldi brota var innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Brotum hefur fjölgað um 50 prósent það sem af er ári samanborið við meðaltal á sama tímabili síðustu þrjú ár.

Ölvun við akstur


- Í maí voru skráð 88 brot þar sem ökumaður var grunaður um ölvun við akstur.
- Skráður fjöldi brota er innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Brotum hefur fjölgað um 38 prósent það sem af er ári samanborið við meðaltal á sama tímabili síðustu þrjú ár.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Þróun á löggæslusvæði 1




- Hér er fjöldi afbrota í maí borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 1, sem nær yfir Miðborg, Vesturbæ, Seltjarnarnes, Háaleiti, Hlíðar og Laugardal.

	Apríl 2018	Maí 2018	Staða breytinga m.v. 6 mán.	Staða breytinga m.v. 12 mán.
Hegningarlagabrot	367	348	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	163	162	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	39	41	Mikil fjölgun	Fjölgar
Manndráp og líkamsmeiðingar	59	46	Fækkar	Fækkar
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	3	3	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	12	3	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	1	1	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	58	56	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	14	19	Mikil fjölgun	Fjölgar
Fíkniefni	63	49	Innan marka	Innan marka
Umferðarlagabrot *	433	408	Fjölgar	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	57	52	Innan marka	Innan marka
Ölvun við akstur	36	35	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	9	11	Innan marka	Innan marka
Slys	19	15	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.

Þróun á löggæslusvæði 2




- Hér er fjöldi afbrota í maí borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 2, sem nær yfir Hafnarfjörð, Garðabæ og Álftanes.

	Apríl 2018	Maí 2018	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	95	95	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	36	37	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	11	16	FALSE	Fjölgar
Manndráp og líkamsmeiðingar	11	13	Innan marka	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	1	1	Fjölgar	Fjölgar
Kynferðisbrot	1	0	Fækkar	Fækkar
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	1	2	Fjölgar	Mikil fjölgun
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	16	22	Mikil fjölgun	Fjölgar
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	5	5	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	9	11	Fækkar	Innan marka
Umferðarlagabrot *	141	153	Fjölgar	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	8	11	Innan marka	Fækkar
Ölvun við akstur	17	19	Fjölgar	Fjölgar
Innbrot á heimili	3	4	Innan marka	Innan marka
Slys	12	9	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.

Þróun á löggæslusvæði 3




- Hér er fjöldi afbrota í maí borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 3, sem nær yfir Breiðholt og Kópavog.

	Apríl 2018	Maí 2018	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	134	163	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	53	82	Fjölgar	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	11	27	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	22	20	Innan marka	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	0	1	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	5	3	Fækkar	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	0	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	25	21	Fækkar	Fækkar
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	0	3	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	26	25	Fækkar	Innan marka
Umferðarlagabrot *	183	231	Mikil fjölgun	Fjölgar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	31	37	Innan marka	Innan marka
Ölvun við akstur	31	16	Fækkar	Innan marka
Innbrot á heimili	3	8	Innan marka	Innan marka
Slys	9	9	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.

Þróun á löggæslusvæði 4



- Hér er fjöldi afbrota í maí borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 4, sem nær yfir Árbæ, Grafarvog, Grafarholt, Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjósarhrepp.

	Apríl 2018	Maí 2018	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	100	117	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	30	33	Fækkar	Fækkar
Þjófnaður - innbrot	11	12	Fækkar	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	17	22	Fjölgar	Fjölgar
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	1	1	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	1	5	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	0	FALSE	Fækkar
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	21	23	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	6	8	Mikil fjölgun	Innan marka
Fíkniefni	38	39	Innan marka	Innan marka
Umferðarlagabrot *	278	261	Fjölgar	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	26	33	Fjölgar	Fjölgar
Ölvun við akstur	16	17	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	4	4	Fækkar	Innan marka
Slys	5	7	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.



Reykjavíkurborg
b.t. Dags B. Eggertssonar borgarstjóra
Ráðhús
101 Reykjavík

Erindið sent með tölvupósti
á netfangið borgarstjori@reykjavik.is

Akranesi, 13.06.2018
1806093 SFP/sas

Efni: Sundabraut - ályktun bæjarstjórnar Akraness

Á fundi bæjarstjórnar Akraness, sem haldinn var þann 12. júní síðastliðinn var svohljóðandi ályktun bæjarstjórnar Akraness samþykkt er varðar Sundabraut í kjölfar birtingar málefnasamnings nýs meirihlutar í Reykjavík.

Í málefnasamningi Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna sem saman mynda meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur kemur fram að nýr meirihluti spanni breitt pólitískt litróf með fjölbreytta sýn og ólíkar áherslur en sameinist um hagsmuni og lífsgæði borgarbúa og skynsamlega uppbyggingu Reykjavíkur til framtíðar.

Bæjarstjórn Akraness vill minna borgarfulltrúa á að í Reykjavíkurborg er miðstöð opinberrar stjórnarsýslu, helstu stofnanir á sviði menntunar og heilbrigðisþjónustu á Íslandi og þar er einnig helsta inn- og útflutningsgátt landsins. Reykjavík er höfuðborg Íslands og því ber borgarfulltrúum að hugsa um og taka tillit til hagsmuna og lífsgæða allra landsmanna.

Samgöngur til og frá höfuðborginni eru gríðarlegt hagsmunamál þeirra sem sækja vinnu, nám og þjónustu til höfuðborgarinnar og því eru það mikil vonbrigði að ekki skuli vikið einu orði að lagningu Sundabrautar í málefnasamningi nýs meirihluta í Reykjavík. Það hefur legið fyrir um langt skeið að núverandi vegtenging að norðan og vestan inn í borgina er algerlega ófullnægjandi og undanfarin 20 ár hefur verið umræða um og unnið að tillögum um lagningu Sundabrautar án þess að málið hafi þokast áfram.



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn Akraness skorar á Reykjavíkurborg og ríkið að hefja án tafar undirbúning að lagningu Sundabrautar, sem bætir umferð til og frá höfuðborginni og eykur umferðar- og almannaöryggi. Aðgerðarleysi og umkenningaleikur Reykjavíkurborgar og ríkisins hefur staðið of lengi og tími er kominn á aðgerðir með hagsmuni borgarbúa og Íslendinga allra að leiðarljósi.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,



bæjarstjóri

***BORGARRÁÐ 7. júní 2018: Framhaldsfyrirspurn borgarráðsfulltrúa
Sjálfstæðisflokksins, Mörtu Guðjónsdóttur, um kostnað við opna fundi - R18030183***

Óskað er frekari upplýsinga sem snúa að kostnaði vegna opinna funda borgarstjóra í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna. Þá er jafnframt óskað eftir því að öllum þáttum fyrirspurnarinnar verði svarað með fullnægjandi hætti þar sem þær koma ekki fram í svari við fyrirspurnum um málið sem lagðar voru fram 22. mars sl. og 24. maí sl.

***BORGARRÁÐ 7. júní 2018: Fyrirspurn Mörtu Guðjónsdóttur, borgarfulltrúa
Sjálfstæðisflokksins, um stöðu fyrirspurna Sjálfstæðisflokksins í borgarráði - R18060037***

Óskað er eftir yfirliti yfir ósvöruðum fyrirspurnum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í borgarráði?



Lyfjastofnun

Icelandic Medicines Agency

Borgarstjórn Reykjavíkur
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Málsnr: 2180 6 0159
Skjalasafn Ráðhúss
19 júní 2018
Bréfalykill: 2424

Reykjavík, 15.6.2018

Tilvísun: 7.1.4.1 / Málsnúmer: 2018060097

Efni: Umsagnar leitað vegna nýs lyfsöluleyfis

Lyfjastofnun barst 7. júní sl. umsókn frá lyfjafræðingi, um lyfsöluleyfi fyrir nýja lyfjabúð, að Fiskislóð 3, 101 Reykjavík.


Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 skal Lyfjastofnun senda umsóknir um ný lyfsöluleyfi viðkomandi sveitarstjórn til umsagnar. Fram kemur í ákvæðinu að við mat umsóknar skuli m.a. stuðst við íbúafjölda að baki lyfjabúðinni og fjarlægð hennar frá næstu lyfjabúð. Leggist umsagnaraðili gegn veitingu leyfis er Lyfjastofnun heimilt að hafna umsókninni.

Með vísan til framangreinds óskar Lyfjastofnun hér með eftir umsögn borgarstjórnar Reykjavíkur um umsóknina.

Þess er óskað að umsögnin berist svo fljótt sem auðið er og **eigi síðar en 6. júlí nk.**

F.h. Lyfjastofnunar,

Brynhildur Briem



Domus eignir slhf.
Ingólfsstræti 3
101 Reykjavík

Reykjavík, 18.06.2018

Tilvísun ÞÍ: 2018062169/5.13.5

Tilvísun sendanda:

Efni: Lögheimilisskráning að Bröndukvísl 9, Reykjavík.

Á meðal hlutverka þjóðskrár Íslands er að stuðla að því að almannaskráning, þ.á.m. lögheimilisskráning einstaklinga, samrýmist lögum, sbr. lögheimilislög nr. 21/1990, sbr. lög nr. 54/1962, um þjóðskrá og almannaskráningu og lög nr. 73/1952 um tilkynningar um aðsetursskipti.

Í 1. mgr. 1. gr. lögheimilislaga segir að lögheimili manns sé sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu. Í 2. mgr. 1. gr. lögheimilislaga er svo nánar útskýrt að maður teljist hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómtundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika. Almennaskráning byggir á þeim gögnum sem talin eru upp í liðum 1-7. sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 54/1962. Þá byggist almannaskráning á upplýsingum sem Þjóðskrár Íslands aflar sér sjálf með eftirgrennslan eða berast á einn eða annan hátt eftir því sem þörf krefur og heimildir leyfa sbr. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 73/1954 skal hver sá, sem skiptir um aðsetur innan sveitarfélags, tilkynna það hlutaðeigandi sveitarstjórn áður en 7 dagar eru liðnir frá því, að aðsetursskiptin áttu sér stað. Í 2. mgr. 9. gr. laganna segir að hver húsráðandi er skyldur til að tilkynna aðsetursskipti einstaklinga, sem taka sér aðsetur í húsnæði á hans vegum eða hverfa úr því, eftir sömu reglum og þeir sjálfir eru tilkynningarskyldir. Enn fremur ber hverjum húseiganda að fullnægja tilkynningarskyldu fyrir einstaklinga í húsnæði hans. Í 17. gr. laganna segir að brot gegn ákvæðum laganna varði sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá eru 37 einstaklingar með skráð lögheimili að Bröndukvísl 9, Reykjavík. Samkvæmt upplýsingum úr fasteignskrá er Domus eignir slhf., kt. 691215-1560, þinglýstur eigandi að fasteigninni að Bröndukvísl 9. Með vísan til lagaákvæðanna sem hér að ofan greinir er þess óskað að Þjóðskrár Íslands verði upplýst skriflega hverjir eigi með réttu að vera með skráð lögheimili að Bröndukvísl 9. Þess er óskað að umbeðnar upplýsingar berist Þjóðskrár Íslands innan tveggja vikna frá dagsetningu bréfs þessa.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Birta A. Bjarnadóttir
Birta Austmann Bjarnadóttir
Sérfræðingur

Afrit:
Domus eignir slhf.
Ingólfsstræti 3
101 Reykjavík


Sölvi H Blöndal
Grenimelur 5
107 Reykjavík

Reykjavíkurborg
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Borgarstjórn

Frá: Guðjón Marteinson <gsmart@internet.is>
Sent: miðvikudagur, 20. júní 2018 12:33
Til: Borgarstjórn
Efni: Fwd: Lausaganga katta á varptíma

Flokkar: Appelsínugulur flokkur



----- Forwarded Message -----

Subject: Lausaganga katta á varptíma
Date: Wed, 20 Jun 2018 11:53:06 +0000
From: Guðjón Marteinson <gsmart@internet.is>
To: brogarstjorn@reykjavik.is

Góðan dag.

Eftir að hafa bjargað þratarunga úr kjafti kattar fyrir stundu ávað ég að láta verða af því að skrifa þetta bréf. Síðastliðin tvö sumur hafa kettir eyðilaggt þrjú hreiður bara í garðinum hjá okkur. Ég veit að ég tala fyrir fleiri fuglavini, og þá kem að erindinu, sem er að leggja til að borgin komi í regluverk sitt að banna lausagöngu katta frá maí til ágúst og leggi þannig sitt að mörkum til að bjarga og vernda fuglalíf í görðum borgarinnar. Hægt væri að rösktyðja þessa tillögu ítarlegar en mér finnst þess ekki þurfa. Allir þekkja sögur eins og þá sem rakin var.

Með von um jákvæðar undirtektir og framkvæmd

Guðjón Marteinson og Edda Guðgerisdóttir

Ljósalandi 4, R

Reykjavík, 6. júní 2018
R18060020
13056
HBL/dmh

Borgarráð

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hátíðahöld í tilefni af aldarafmæli fullveldis Íslands

Á fundi borgarstjórnar þann 5. júní 2018 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að standa fyrir hátíðahöldum og dagskrá þann 1. desember nk. í tilefni af aldarafmæli fullveldis Íslands. Skólar, menningarstofnanir auk annarra stofnanna vinni að dagskránni í sameiningu og móti tillögur um hvernig þessara tímamóta verði minnst á sómasamlegan hátt. Menningar- og ferðamálasviði og skóla- og frístundasviði verði falið að leiða vinnuna.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Borgarstjórn samþykkti að vísa tillögunni til meðferðar borgarráðs.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Borgarráð

Hólmsheiði, athafnasvæði - lóðarvilyrði til Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki lóðarvilyrði fyrir Malbikunarstöðina Höfða hf., kt. 581096-2919, Sævarhöfða 6-10, 110 Reykjavík, fyrir allt að 7 ha. landi á athafnasvæðinu á Hólmsheiði. Lóðinni fylgi byggingarréttur fyrir allt að 6.700 fermetra mannvirki, þar af verði efnisgeymslur um 4.600 fermetrar.

Stærð lóðarinnar og nánari staðsetning hennar, umfang og staðsetning mannvirkja innan lóðarinnar verða ákveðin í væntanlegu deiliskipulagi.

Malbikunarstöðin Höfði hf. mun greiða gatnagerðargjöld og markaðsverð fyrir byggingarrétt á lóðinni. Gatnagerðargjöld greiðast samkvæmt gjaldskrá Reykjavíkurborgar. Verð byggingarréttarins ræðst af meðaltali mats tveggja löggiltra fasteignasala á verðmæti byggingarréttar eftir að deiliskipulag hefur tekið gildi fyrir lóðina, enda hafi Malbikunarstöðin Höfði hf. óskað eftir úthlutun lóðarinnar.

Flutningi fyrirtækisins á nýja lóð skal lokið innan eins árs frá því að hin nýja lóð verður byggingarhæf.

Komi til þess að deiliskipulag taki ekki gildi fyrir umrædda lóð innan tveggja ára frá samþykki borgarráðs á lóðarvilyrði þessu, fellur það niður. Sama gildir ef ekki er óskað eftir úthlutun lóðarinnar innan árs frá gildistöku deiliskipulags fyrir lóðina.

Greinargerð:

Vegna skipulagsbreytinga og breyttrar landnotkunar við Elliðaárvog og Ártúnshöfða þarf að flytja núverandi starfsstöð Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. frá Sævarhöfða 6-10. Finna þarf stöðinni nýja starfsstöð sem næst þéttbýli Reykjavíkur.

Staðsetning lóðar á Hólmsheiði verður nánar ákveðin í deiliskipulagi. Malbikunarstöðin Höfði hf. getur óskað eftir úthlutun lóðarinnar þegar deiliskipulag fyrir lóðina hefur tekið gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda.

Óli Jón Hertervig

Borgarstjórn
19. júní 2018

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðgerðir í húsnæðismálum

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að skipuleggja lóðir á hagkvæmum svæðum, s.s. Örfirisey, BSÍ reitnum, Keldum og Úlfarsárdal. Gert verði ráð fyrir 6.000 íbúðum á þessum svæðum. Borgin beiti sér fyrir því að byggingarskilmálar verði með þeim hætti að kostnaður við byggingarnar verði í lágmarki. Þá beiti hún sér enn fremur fyrir því að afgreiðslutími skipulagssviðs og byggingarfulltrúa verði stytur umtalsvert frá því sem verið hefur. Á þessar lóðir verður ekki lagt sérstakt innviðagjald.

Greinargerð

Í Reykjavík hefur orðið til húsnæðiskreppa á síðustu fjórum árum. Íbúar Reykjavíkur hafa flutt í önnur sveitarfélög í vaxandi mæli þrátt fyrir mikið hagvaxtarskeið. Til marks um það fækkaði á kjörskrá í Reykjavík um 354 manns. Húsnæðisverð hefur hækkað um 50% á síðustu fjórum árum. Í meirihlutasáttmálanum eru engin mælanleg markmið í lóðamálum. Til þess að mæta uppsafnaðri þörf er mikilvægt að fara í þessar aðgerðir strax.

Borgarstjórn
19. júní 2018

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um könnun á umfangi útvistunar og áhrif hennar á kjör launafólks

Lagt er til að borgarstjórn láti framkvæma könnun á umfangi útvistunar, verktakasamninga við launafólk og starfsmannaleiga í stofnunum og fyrirtækjum á vegum Reykjavíkurborgar og félögum sem borgin á hlut að.

Greinargerð:

Mótmæli lægst launaða fólksins í Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsi, dró athygli borgarbúa að því hversu algeng verktakavinna og önnur útvistun var í störfum sem áður voru unnin af fólki í fastri vinnu og með full réttindi launafólks. Þetta gefur tilefni til viðtækrar könnunar á umfangi slíkra verktakasamninga og annarri útvistun á vegum borgarinnar og stofnunum og fyrirtækjum sem hún tengist. Undanfarin ár hafa einkafyrirtæki nýtt sér starfsmannaleigur og verktakasamninga til að skerða rétt launafólks, færa það frá þeim réttindum sem hinn hefðbundni vinnumarkaður tryggir og út í óvissu tímabundinna verktakasamninga. Þessi tilhögun hefur líka brotið upp starfsmannahópa, sem skiptast nú orðið oft á tíðum í betur launað fólk sem er fastráðið og lægra launað fólk sem ekki er ráðið til þess fyrirtækis eða stofnunar þar sem það sinnir verkefnum heldur vinnur ýmist hjá sjálfu sér eða hjá óskyldu fyrirtæki. Þetta hefur haft mikil áhrif á vinnustaði, búið þar til stéttaskiptingu og gert verst launaða fólkið enn verr sett á vinnustað en það áður var. Lagt er til að gerð verði könnun á öllum vinnustöðum á vegum borgarinnar og umfang verktöku, starfsmannaleigu og útvistunar mæld og starfsfólki gefinn kostur á að tjá sig um þróun undanfarinna ára.

Borgarstjórn
19. júní 2018

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um afnám þóknunar fyrir nefndarsetu starfsmanna borgarinnar fyrir fundi í vinnutíma

Lagt er til að kjörnir fulltrúar og annað starfsfólk Reykjavíkurborgar fái ekki greitt fyrir stjórnar- og nefndarsetu á vegum borgarinnar og stofnunum og fyrirtækjum á hennar vegum ef fundir og undirbúningur undir þá fer fram á vinnutíma aðalstarfs viðkomandi starfsfólks.

Greinargerð

Kjörnir fulltrúar og stjórnendur Reykjavíkurborgar hafa þegið þóknunir fyrir stjórnar- og nefndarsetu í fyrirtækjum og stofnunum Reykjavíkurborgar og fyrirtækjum og stofnunum sem Reykjavíkurborg er aðili að þótt fundir fari fram í vinnutíma aðalstarfs viðkomandi. Þessir starfsmenn hafa því í raun verið tvíborgaðir á meðan á fundum og undirbúningi fyrir þá stendur. Þetta er óþörf sóun á almannafé og ýtir undir sjálftöku stjórnenda hjá hinu opinbera, sem orðið er vaxandi vandamál í samfélaginu, veldur úlfúð á vinnumarkaði og dregur úr trausti almennings á stofnunum samfélagsins og lýðræðisvettvangi ríkis og sveitarfélaga.

Borgarstjórn
19. júní 2018

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um rekstrarúttekt á Félagsbústöðum

Borgarstjórn samþykkir að fela innri endurskoðanda Reykjavíkur að gera rekstrarúttekt á Félagsbústöðum. Einnig úttekt á öryggi leigutaka og formi leigusamninga með tilliti til stöðu leigutaka. Úttektin skal liggja fyrir eigi síðar en á fyrsta borgarstjórnarfundum í september.

Greinargerð:

Leiguverð á íbúðum Félagsbústaða hefur í einhverjum tilfellum verið að hækka og er að sliga marga leigjendur. Einnig hafa fjölmargar ábendingar og kvartanir borist um að húsnæði á vegum Félagsbústaða sé ekki haldið við sem skyldi.

Óskað er eftir úttekt á rekstri félagsins, þar sem farið er yfir launamál stjórnenda þess, stjórnarhætti og hlutverk fyrirtækisins m.a. í ljósi misvísandi upplýsinga um annars vegar hagnað og hins vegar ríka fjárþörf. Það er ýmislegt sem orkar tvímælis þegar rýnt er í rekstur félagsins en það skal ekki rekið í ágóðaskyni. Í ljósi þess er athyglivert að Félagsbústaðir hafi sýnt svo mikinn hagnað á liðnu ári. Óskað er eftir að svarað verði spurningum um það hvernig hinn mikli hagnaður félagsins er myndaður og hvernig þessir liðir eru færðir í bókhaldi félagsins.

Í úttektinni þarf m.a. að svara hvernig vinnubrögð eru viðhöfð við endurmat eigna og færslu bókhalds í því sambandi. Er núverandi rekstrarform sem best til að þjóna hagsmunum notenda?

Borgarstjórn
19. júní 2018

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um afnám áhrifa byggingarréttargjalds á byggingarkostnað félagslegra íbúða og íbúða sem byggðar eru af óhagnaðardrífnum leigufélögum

Lagt er til að Reykjavíkurborg eyði verðhækkunaráhrifum byggingarréttargjalds af byggingu félagslegra íbúða og íbúða sem byggðar eru af óhagnaðardrífnum leigufélögum með því að hækka stofnframlag sitt til þessara félaga sem nemur álagningu byggingarréttargjaldsins.

Greinargerð

Álagning 45 þ.kr. byggingarréttargjalds á byggingu félagslegra íbúða og íbúða sem byggðar eru af óhagnaðardrífnum leigufélögum stórhækkar húsleigu og er í raun skattlagning á hina verr settu í borginni. 45 þ.kr. gjald á hvern fermetra í 70 fermetra íbúð hækkar byggingarkostnað um 3.150 þ.kr. Miðað við lægstu vexti í dag má ætla að þetta gjald hækki þar með húsleigu svona íbúðar um 17-20 þ.kr. á mánuði. Hækkunin verður meiri ef vextir hækka. Þetta gjald er því skattlagning á verst settu íbúum borgarinnar, þeim sem uppbygging óhagnaðardrífna leigufélaga og félagslegs íbúðakerfis er ætlað að bæta lífskjörin hjá. Með þessu gjaldi er borgin því að skerða lífskjör hinna verst stæðu innan kerfis sem í fljótu bragði virðist ætlað að bæta kjör þeirra. Það er óverjandi að hin verst settu séu ein látin standa undir kostnaðinum við félagslegt húsnæðiskerfi. Lagt er til að aukið stofnframlag til óhagnaðardrífna leigufélaga verði fjármagnað með hækkun byggingarréttargjaldsins, þannig að verktakar og byggingarfélög sem byggja húsnæði fyrir ferðamenn og hin efnameiri fjármagni að hluta uppbyggingu hins félagslega húsnæðiskerfis.

